



**Helga Hauksdóttir**

## Sumar 2014

Eins og áður var fyrsta verk mitt eftir að skólaárinu 2013 – 2014 lauk, að skrifa stutta skýrslu um helstu viðfangsefni skólaársins. Skýrslan var sett á heimasíðuna [www.akmennt.is/erlendir](http://www.akmennt.is/erlendir) og er þar öllum aðgengileg. Sumarið var svo nýtt í frágang og ýmsan undirbúning fyrir næsta skólaár.

## Nýir nemendur í upphafi skólaárs

Í Brekkuskóla komu tveir nýir erlendir nemendur. Tailensk stúlka í 7. bekk og drengur í 10. bekk. Í Oddeyrarskóla komu tvennar systur frá Póllandi, tvær í 1. bekk, ein í 5. bekk og ein í 8. bekk. Í Lundarskóla komu systkini sem höfðu verið lengi erlendis. Auk þess fluttu erlendir nemendur nokkuð á milli skóla og þeir sem höfðu aðeins verið hér eitt skólaár þurftu sumir mikinn stuðning áfram.

Í ágústmánuði átti ég því fundi með foreldrum og kennurum í Brekkuskóla, Lundarskóla, Síðuskóla, Glerárskóla og Oddeyrarskóla þar sem skólarnir voru kynntir fyrir nýjum nemendum og foreldrum og farið yfir skipulag skólstarfs, nám og kennslu.



## Samstarf með ýmsum aðilum

25. Júní 2014 kom ég á fund með leikskólakennurum til að ræða þýðingu ýmissa upplýsinga frá leikskólunum á móðurmál barnanna. Allir voru sammála um að mikilvægt væri að ræða um samskiptaleiðir við erlenda foreldra í upphafi skólagöngu en við gætum varla verið að þýða algeng, dagleg samskipti á mörg, ólík tungumál. Hins vegar væri mjög gott að sameinast um þýðingar á lýsingum á vissum atburðum, t.d. ferðalögum, foreldrafundum o.fl. þar sem útbúið væri fjölnota grunnskjal sem allir gætu notað og fyllt inn í þau atriði sem væru breytileg, s.s. dagsetningar o.fl. Ákveðið var að koma á samráðshópi sem færi yfir hvað það væri sem helst ætti að þýða.

Í september hitti ég Zane hjá Alþjóðastofu og Ingunni Helgu sem mætti fyrir hönd Zontakvenna en þær voru tilbúnar til að styðja við lestrarverkefni í leikskólum sem kennarar á Dalvík hafa kynnt sem „söguskjóðuverkefni“. Við ákváðum að senda bréf til allra leikskólakennara til að kanna hvort einhverjir hefðu áhuga á að fara í slíkt verkefni. Ekkert varð úr verkefninu að þessu sinni þar sem kennarar höfðu þegar byrjað á ýmsum verkefnum sem ekki var hægt að bæta við að sinni.

Vann með konum í Lionsklúbbnum Ylfu við að koma á tímum á Amtsbókasafninu þar sem þær ætla að aðstoða erlenda nemendur í 1. og 2. bekk grunnskóla við lestur, einu sinni í viku. Sendar voru auglýsingar til allra erlendra foreldra nemenda í grunnskólunum og fyrsti tíminn var þriðjudaginn 7. október kl. 16:30 – 17:30. Einnig gátu foreldrar óskað eftir að fá lestraraðstoð heim og hafði ein móðir samband við mig vegna þeirrar leiðar. Tveir kennarar fóru heim til erlendra nemenda í hverri viku til að aðstoða með lestur.

Alltaf eru samskipti við ýmsa aðila sem koma að málefnum erlendra fjölskyldna, t.d. við Huldu Karen Danielsdóttur hjá Þjónustumiðstöð miðborgar og Hlíða, við Alþjóðastofu á Akureyri, Alþjóðasetur vegna túlkajónustu og ýmsa fleiri.

## Samstarf við foreldra

Samstarf við foreldra er mjög mismikið eftir fjölskyldum. Ég er nær alltaf með foreldrum og umsjónarkennurum í móttökuvíðtölum og kynningum á skólastarfi að hausti. Einnig á foreldrafundum vetrarins. Í vetur var ég einnig í samskiptum við foreldra vegna flutninga fjölskyldu úr bænum og var þá í samskiptum við nýjan skóla og hef fylgst með fjölskyldunni koma sér fyrir á nýjum stað. Önnur samskipti voru t.d. að hjálpa nemanda að sækja um vinnuskóla og útskýra þá starfsemi, ræða um fermingu og fermingarfræðslu og umsókn um þátttöku þar.

Ég heimsótti erlendar mæður sem hittast í Rósenborg og ræddi við þær um íslenskunám, leik- og grunnskóla og ýmislegt sem viðkemur börnum og þjónustu við þau í bænum.


## Kennsla móðurmáls

Boðið var upp á pólska samveru annan hvern laugardag í Rósenborg í vetur. Hópnum var skipt í tvennt eftir aldri. Í yngri hópnum voru börn á leikskólaaldri en í þeim eldri voru börn á yngra stigi grunnskóla. Lögð var áhersla á pólska menningu, móðurmálið, ljóð, leik og söng og ýmsa fjölbreytta vinnu. Móðir átti frumkvæði að því að bjóða kínverskum börnum í bænum upp á samveru, upplifun á menningu og fræðslu í Rósenborg. Frábært framtak. Okkur langaði mikið til að byrja með einhverja fræðslu fyrir tailenska nemendur í vetur en af því varð ekki þetta skólaár.

Í apríl sendum við Zane Brikovska hjá Alþjóðastofu og Sigríður Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri samfélags- og mannréttindadeildar, bréf til fræðslustjóra og skólanefndar um mikilvægi kennslu móðurmáls. Þar bentum við einnig á nauðsyn stefnumörkunar um móðurmálskennslu erlendra nemenda. Í maí mætti ég á fund skólanefndar þar sem ég fór aðeins yfir þessi mál. Erindinu var vel tekið og vonum við að móðurmálskennsla komist smám saman í fastari skorður og verði viðurkennd sem nauðsynlegur hluti af lífi og uppeldi erlendra barna bæjarins (sjá bréf í fylgiskjölum).

## Útgáfa

Búið er að gefa út bækling um starfsemi leikskóla á ensku, pólsku og þýsku. Bæklingurinn er á rafrænu formi en verður prentaður eftir þörfum. Einnig eru ítarlegri upplýsingar um starf leikskóla á forminu A4 komnar inn á netið á ensku, pólsku og þýsku. Við reyndum að fá þýðingu á tailensku en það tókst ekki á þessum tímapunkti. Grafískur hönnuður, Ania Litvintseva, myndskreytti bæklinginn og setti hann upp. Bæklingur um tómstundastarf fyrir börn og unglinga á Akureyri er í vinnslu.



## Endurmenntun

Þann 14. ágúst sótti ég **haustnámskeið Ísbrúar**, þar sem fjallað var um 6 víddir ritunar fyrir öll skólastig og ýmsar leiðir sem bent var á þar henta nemendum sem hafa íslensku sem annað mál vel.

Í febrúar var námskeið á skóladeild um **verkefnastjórnun**, tvisvar sinnum fjórir tímar.

Sigurður Steingrímsson, verkefnastjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands kom með fræðslu um verkefnastjórnun og undirbúning langtíma verkefna.

Í mars var starfsfólki skóladeildar boðið að taka þátt í námskeiði um **markþjálfun og leiðtogaþæfni** sem haldið var í Lionssalnum við Skipagötu. Þar ræddi Ingvar Jónsson frá Profectus um skuldbindingu gagnvart starfi, tímastjórnun, mikilvægi hlustunar, að nota opnar spurningar í samtölum o.fl.

## Fræðsla og kennsla

Þann 25. september sá ég um tvær kennslustundir við HA á námskeiðinu Náms og kennsla í skóla margbreytileikans hjá Hermínu Gunnþórsdóttur. Í nóvember tók ég þátt í kennslu um tvítyngi og fjölmenningu með Halldóru Haraldsdóttur, bæði með fyrirlestra og úrvinnslu verkefna. Kom einnig sem gestakennari til Maríu Steingrímsdóttur í HA og ræddi um móttöku nýrra kennara í grunnskóla og hlutverk skólastjórnaenda í því ferli.

Í september fékk ég kennaranema á 5. ári, sem eru í vettvangskennslu við Oddeyrarskóla í heimsókn og sagði þeim frá starfi mínu og þjónustu við erlendra nemendur, kennara og foreldra.

Í byrjun nóvember fór ég til Reykjaíkur og var með fræðslufund fyrir kennara sem kenna eldri bekkjum grunnskóla, á vegum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Þar var áhersla lögð á leiðir til að auðvelda erlendum nemendum þátttöku í lesgreinum eldri bekkja.

Í nóvember var ég líka með fræðslufund fyrir kennara í Oddeyrarskóla þar sem áhersla var lögð á kennsluhætti sem henta vel erlendum nemendum. Reyndist þessi fræðsla passa vel við umræður kennara um læsi, þannig að þetta var hentug viðbót við þær áherslur sem kennarar hafa verið að leggja.

Þann 20. mars var mér boðið að taka þátt í málþingi í Gerðubergi. Yfirskrift þess var **Samtal um samfélag – mitt, þitt eða okkar?** Þar sagði ég frá störfum mínum, skipulagi vinnu kennsluráðgjafa o.fl. (sjá dagskrá málþings í fylgiskjöllum)

Síðustu vikuna í ágúst nýtti ég til að hitta kennara og skipuleggja kennslu mína með þeim nemendum sem mesta aðstoð þurfa í upphafi skólaársins. Ég byrjaði síðan að kenna skv. stundaskrá mánudaginn 1. september og þá var ég með samtals 18 tíma í þremur skólum, Síðuskóla, Brekkuskóla og Oddeyrarskóla. Síðari hluta september var kennslan komin í í 20,75 tíma á viku og hélst þannig allt til um 20. maí en þá hætti ég formlegum heimsóknum í skólana.

Námsefnisgerð þetta skólaár snerist mikið um það að reyna að sameina íslenskukennslu og grenndarkennslu / kennslu í samfélags og náttúrufræðigreinum.

1.8  
 1.9  
 2.0  
 2.1  
 2.2  
 2.3  
 2.4  
 2.5  
 2.6  
 2.7  
 2.8  
 2.9  
 3.0  
 3.1  
 3.2  
 3.3  
 3.4  
 3.5  
 3.6  
 3.7  
 3.8  
 3.9  
 4.0  
 4.1  
 4.2  
 4.3  
 4.4  
 4.5  
 4.6  
 4.7  
 4.8  
 4.9  
 5.0  
 5.1  
 5.2  
 5.3  
 5.4  
 5.5  
 5.6  
 5.7  
 5.8  
 5.9  
 6.0  
 6.1  
 6.2  
 6.3  
 6.4  
 6.5  
 6.6  
 6.7  
 6.8  
 6.9  
 7.0  
 7.1  
 7.2  
 7.3  
 7.4  
 7.5  
 7.6  
 7.7  
 7.8  
 7.9  
 8.0  
 8.1  
 8.2  
 8.3  
 8.4  
 8.5  
 8.6  
 8.7  
 8.8  
 8.9  
 9.0  
 9.1  
 9.2  
 9.3  
 9.4  
 9.5  
 9.6  
 9.7  
 9.8  
 9.9  
 10.0  
 10.1  
 10.2  
 10.3  
 10.4  
 10.5  
 10.6  
 10.7  
 10.8  
 10.9  
 11.0  
 11.1  
 11.2  
 11.3  
 11.4  
 11.5  
 11.6  
 11.7  
 11.8  
 11.9  
 12.0  
 12.1  
 12.2  
 12.3  
 12.4  
 12.5  
 12.6  
 12.7  
 12.8  
 12.9  
 13.0  
 13.1  
 13.2  
 13.3  
 13.4  
 13.5  
 13.6  
 13.7  
 13.8  
 13.9  
 14.0  
 14.1  
 14.2  
 14.3  
 14.4  
 14.5  
 14.6  
 14.7  
 14.8  
 14.9  
 15.0  
 15.1  
 15.2  
 15.3  
 15.4  
 15.5  
 15.6  
 15.7  
 15.8  
 15.9  
 16.0  
 16.1  
 16.2  
 16.3  
 16.4  
 16.5  
 16.6  
 16.7  
 16.8  
 16.9  
 17.0  
 17.1  
 17.2  
 17.3  
 17.4  
 17.5  
 17.6  
 17.7  
 17.8  
 17.9  
 18.0  
 18.1  
 18.2  
 18.3  
 18.4  
 18.5  
 18.6  
 18.7  
 18.8  
 18.9  
 19.0  
 19.1  
 19.2  
 19.3  
 19.4  
 19.5  
 19.6  
 19.7  
 19.8  
 19.9  
 20.0  
 20.1  
 20.2  
 20.3  
 20.4  
 20.5  
 20.6  
 20.7  
 20.8  
 20.9  
 21.0  
 21.1  
 21.2  
 21.3  
 21.4  
 21.5  
 21.6  
 21.7  
 21.8  
 21.9  
 22.0  
 22.1  
 22.2  
 22.3  
 22.4  
 22.5  
 22.6  
 22.7  
 22.8  
 22.9  
 23.0  
 23.1  
 23.2  
 23.3  
 23.4  
 23.5  
 23.6  
 23.7  
 23.8  
 23.9  
 24.0  
 24.1  
 24.2  
 24.3  
 24.4  
 24.5  
 24.6  
 24.7  
 24.8  
 24.9  
 25.0  
 25.1  
 25.2  
 25.3  
 25.4  
 25.5  
 25.6  
 25.7  
 25.8  
 25.9  
 26.0  
 26.1  
 26.2  
 26.3  
 26.4  
 26.5  
 26.6  
 26.7  
 26.8  
 26.9  
 27.0  
 27.1  
 27.2  
 27.3  
 27.4  
 27.5  
 27.6  
 27.7  
 27.8  
 27.9  
 28.0  
 28.1  
 28.2  
 28.3  
 28.4  
 28.5  
 28.6  
 28.7  
 28.8  
 28.9  
 29.0  
 29.1  
 29.2  
 29.3  
 29.4  
 29.5  
 29.6  
 29.7  
 29.8  
 29.9  
 30.0  
 30.1  
 30.2  
 30.3  
 30.4  
 30.5  
 30.6  
 30.7  
 30.8  
 30.9  
 31.0  
 31.1  
 31.2  
 31.3  
 31.4  
 31.5  
 31.6  
 31.7  
 31.8  
 31.9  
 32.0  
 32.1  
 32.2  
 32.3  
 32.4  
 32.5  
 32.6  
 32.7  
 32.8  
 32.9  
 33.0  
 33.1  
 33.2  
 33.3  
 33.4  
 33.5  
 33.6  
 33.7  
 33.8  
 33.9  
 34.0  
 34.1  
 34.2  
 34.3  
 34.4  
 34.5  
 34.6  
 34.7  
 34.8  
 34.9  
 35.0  
 35.1  
 35.2  
 35.3  
 35.4  
 35.5  
 35.6  
 35.7  
 35.8  
 35.9  
 36.0  
 36.1  
 36.2  
 36.3  
 36.4  
 36.5  
 36.6  
 36.7  
 36.8  
 36.9  
 37.0  
 37.1  
 37.2  
 37.3  
 37.4  
 37.5  
 37.6  
 37.7  
 37.8  
 37.9  
 38.0  
 38.1  
 38.2  
 38.3  
 38.4  
 38.5  
 38.6  
 38.7  
 38.8  
 38.9  
 39.0  
 39.1  
 39.2  
 39.3  
 39.4  
 39.5  
 39.6  
 39.7  
 39.8  
 39.9  
 40.0  
 40.1  
 40.2  
 40.3  
 40.4  
 40.5  
 40.6  
 40.7  
 40.8  
 40.9  
 41.0  
 41.1  
 41.2  
 41.3  
 41.4  
 41.5  
 41.6  
 41.7  
 41.8  
 41.9  
 42.0  
 42.1  
 42.2  
 42.3  
 42.4  
 42.5  
 42.6  
 42.7  
 42.8  
 42.9  
 43.0  
 43.1  
 43.2  
 43.3  
 43.4  
 43.5  
 43.6  
 43.7  
 43.8  
 43.9  
 44.0  
 44.1  
 44.2  
 44.3  
 44.4  
 44.5  
 44.6  
 44.7  
 44.8  
 44.9  
 45.0  
 45.1  
 45.2  
 45.3  
 45.4  
 45.5  
 45.6  
 45.7  
 45.8  
 45.9  
 46.0  
 46.1  
 46.2  
 46.3  
 46.4  
 46.5  
 46.6  
 46.7  
 46.8  
 46.9  
 47.0  
 47.1  
 47.2  
 47.3  
 47.4  
 47.5  
 47.6  
 47.7  
 47.8  
 47.9  
 48.0  
 48.1

Heimasíðan [www.akmennt.is/erlendir](http://www.akmennt.is/erlendir) var áfram nokkuð virk og nýtt til þess að safna saman upplýsingum og verkefnum sem geta komið kennurum erlendra nemenda (og vonandi sem flestum kennurum) vel.

Átta fréttabréf voru skrifuð og rafræn slóð send til alls starfsfólks leik- og grunnskóla bæjarins. Markmiðið er að í fréttabréfum sé bæði einhver fagleg fræðsla um tvítýngi eða málefni erlendra nemenda og hugmyndir eða verkefni sem koma að notum í vinnu með nemendum. Í fréttabréfunum reyni ég líka að deila góðum hugmyndum á milli skóla með samþykki kennara hverju sinni.

Ég tók þátt í vinnu með hópi innanhússfræðara Akureyrarbæjar sem hafa það hlutverk að minna á ábyrgð hvers og eins í því að stuðla að jákvæðum og góðum samskiptum á vinnustöðum bæjarins.




Ég var einnig í bakhópi kennsluráðgjafa vegna bókunar 3 í síðustu kjarasamningum KÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Kennsluráðgjafar hafa haft beina aðild að KÍ en meiri hluti þeirra gat t.d. ekki kosið um eigin kjarasamning sem gerður var innan SÍ fyrr á þessu ári. Vinna þarf að því að finna kennsluráðgjöfum stað innan KÍ þar sem þeir geta samið um kjör sín og greitt atkvæði um samninga. Einnig hafa komið upp hugmyndir um að kennsluráðgjafar ættu frekar heima innan BHM á sama grunni og t.d. sálfræðingar og félagsráðgjafar.

Ég var fulltrúi skóladeildar í læsisnefnd grunnskólanna. Nefndin hélt alls 13 formlega fundi en skólastjórar skipuðu fulltrúa kennara í nefndina. Helga Rún Traustadóttir og Rannveig Oddsdóttir voru fulltrúar frá miðstöð skólaþróunar HA og leiddu þær vinnuna.

Ég hef setið í stýrihópi um lærdómssamfélag grunnskólanna en þar er lögð áhersla á sameiginlegt nám, samvinnu og samábyrgð stjórnenda skólanna og vinna að sameiginlegri læsisstefnu er hluti þeirrar vinnu.

Í vetur tók ég einnig að mér svolítinn jafningjastuðning eða handleiðslu en ég hef ekki tekið slíkt að mér áður. Hlutverk mitt var að hlusta, ræða, koma með ábendingar og ráð eftir þörfum og getu. Fundargerðir voru skrifaðar til að sjá hvernig starfið þróaðist og var þetta ánægjuleg vinna sem gaman var að prófa.



## Að lokum

Skólaárið 2014 – 2015 var í heildina gott ár. Næg skemmtileg verkefni með nemendum og kennurum þeirra. Ég hef enn þá tilfinningu að þetta starf sé í mótunarferli og spyr mig oft að því hvort það sé rétt að forgangsraða svona mikið í þágu þeirra sem eru nýfluttir til okkar og kennslu þeirra. Ætti ég frekar að koma meira í þá skóla sem hafa marga erlenda nemendur, þó að þeir séu orðnir meira sjálfbjarga? Það er alveg víst að þeir þurfa aðstoð í 5 til 7 ár til þess að ná tökum á fjölbreyttum orðaforða, lesskilningi námsgreina, tjáningu, hlustun og ritun. Það er hins vegar einnig mjög mikilvægt að byrja vel, auka öryggi nýrra nemenda, koma þeim vel af stað með orðaforðavinnu, tjáningu og gæta að tengslum við bekkjarfélaga.

Núna hugsa ég sem svo að samseting nemendahópsins og óskir kennara stýri nokkuð áherslupáttum í starfinu.

# Fylgiskjöl





**Upplýsingar um fjölda erlendra nemenda  
sem fær aðstoð með íslenskunám í grunnskólum Akureyrar.  
Unnið úr skýrslum grunnskólanna til jöfnunarsjóðs í september  
2014**

| Skóli                 | Fjöldi nemenda | Tungumál                                                                                       |
|-----------------------|----------------|------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Brekkuskóli</b>    | 21 nemandi     | Tailenska, enska, sænska, búlgarska, spænska, portúglaska, litháíska, pólska, ítalska, tamíl   |
| <b>Giljaskóli</b>     | 2 nemendur     | Serbókróatíska, tailenska                                                                      |
| <b>Glerárskóli</b>    | 15 nemendur    | Bysaia, enska, pólska, rússneska, hvítrússneska, spænska                                       |
| <b>Hlíðarskóli</b>    | 1 nemandi      | pólska                                                                                         |
| <b>Hríseyjarskóli</b> | 1 nemandi      | pólska                                                                                         |
| <b>Lundarskóli</b>    | 22 nemendur    | Spænska, króatíska, grænlenska, kínverska, tailenska, litháíska, rúmenska, filippeyska, pólska |
| <b>Naustaskóli</b>    | 4 nemendur     | Tailenska, þýska, tékkneska                                                                    |
| <b>Oddeyrarskóli</b>  | 16 nemendur    | Tailenska, pólska, lettneska, þýska, enska, eistneska                                          |
| <b>Síðuskóli</b>      | 14 nemendur    | Pólska, serbneska, tailenska, swahili                                                          |


Samtals eru 96 nemendur að fá stuðning við íslenskunám í grunnskólum Akureyrar

| <i>Tungumál</i>      | <i>Brekkusk.</i> | <i>Giljask.</i> | <i>Glerársk.</i> | <i>Hrísey/<br/>Hlíðarsk.</i> | <i>Lundarsk.</i> | <i>Naustask</i> | <i>Odd</i> | <i>Síðusk</i> | <i>Samt</i> |
|----------------------|------------------|-----------------|------------------|------------------------------|------------------|-----------------|------------|---------------|-------------|
| <i>Pólska</i>        | I                |                 | I                | II                           | IIII             |                 | IIIIIIII   | II            | 18          |
| <i>tailenska</i>     | I                | I               |                  |                              | II               | II              | III        | II            | 11          |
| <i>enska</i>         | IIII             |                 | IIII             |                              | I                |                 |            |               | 9           |
| <i>Serb/króat.</i>   |                  | I               |                  |                              | I                |                 |            | II            | 4           |
| <i>hvítrússneska</i> |                  |                 | IIII             |                              |                  |                 |            |               | 4           |
| <i>spænska</i>       |                  |                 | II               |                              | II               |                 |            |               | 4           |
| <i>portúglaska</i>   | IIII             |                 |                  |                              |                  |                 |            |               | 4           |
| <i>lettneska</i>     |                  |                 |                  |                              |                  |                 | III        |               | 3           |
| <i>bisaya</i>        |                  |                 | I                |                              | II               |                 |            |               | 3           |
| <i>swahili</i>       |                  |                 |                  |                              |                  |                 |            | III           | 3           |
| <i>pýska</i>         |                  |                 |                  |                              |                  | I               | I          |               | 2           |
| <i>tékkneska</i>     | I                |                 |                  |                              |                  | I               |            |               | 2           |
| <i>litháíska</i>     | I                |                 |                  |                              | I                |                 |            |               | 2           |
| <i>ítalska</i>       | II               |                 |                  |                              |                  |                 |            |               | 2           |
| <i>grænlenska</i>    |                  |                 |                  |                              | I                |                 |            |               | 1           |
| <i>kínverska</i>     |                  |                 |                  |                              | I                |                 |            |               | 1           |
| <i>rússneska</i>     |                  |                 | I                |                              |                  |                 |            |               | 1           |
| <i>rúmenska</i>      |                  |                 |                  |                              | I                |                 |            |               | 1           |
| <i>eistneska</i>     |                  |                 |                  |                              |                  |                 | I          |               | 1           |
| <i>sænska</i>        | I                |                 |                  |                              |                  |                 |            |               | 1           |
| <i>tamil</i>         | I                |                 |                  |                              |                  |                 |            |               | 1           |
| <i>búlgarska</i>     | I                |                 |                  |                              |                  |                 |            |               | 1           |
| <i>íslenska</i>      | IIII             |                 | II               |                              | IIIIII           |                 |            | IIII          | 17          |
|                      | 21               | 2               | 15               | 2                            | 22               | 4               | 16         | 14            | 96          |


Þeir nemendur sem hér eru taldir eiga í raun það eitt sameiginlegt að fá aðstoð við íslenskunám. Þeir hafa ólíkan bakgrunn, ólíka menningu og kunnátta þeirra í íslensku er mjög mismikil. Sumir þeirra eru fæddir og uppaldir á Íslandi en aðrir fluttu hingað erlendis frá, á síðasta sumri. Sumir eiga báða foreldra íslenska en hafa búið lengi erlendis og glatað íslenskunni niður að einhverju leyti, aðrir eiga annað foreldri íslenskt og hitt erlent og búa við tvítyngi á heimili sínu. Loks eru svo nemendur sem eiga báða foreldra erlenda og eru að læra íslensku frá grunni sem sitt annað tungumál.

## Myndræn uppsetning á því hve margir nemendur (sem fá aðstoð í íslensku) tala hvert tungumál

Grunnskólar:



Í leikskólunum koma 83 börn frá 31 þjóðlandi. Af þeim hafa flest pólsku sem móðurmál eða 19 börn:





Mýnd: <http://www.steadily.com>

## SAMTAL UM SAMFÉLAG - *mitt, þitt eða okkar?*

**Málþing í Borgarbókasafninu | Menningarhúsinu Gerðubergi föstudaginn  
20. mars 2015 kl. 13:30 - 16:30**

Málþingið er samstarfsverkefni Rannsóknastofu í Fjölmennningarfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Menntun núna verkefnisins í Breiðholti og Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, með stuðningi Akureyrarbæjar, Reykjavíkurborgar og Háskólans á Akureyri.

Skráning á [www.menntun-nuna.is](http://www.menntun-nuna.is) og með tölvupósti í [menntun.nuna@reykjavik.is](mailto:menntun.nuna@reykjavik.is).

## DAGSKRÁ

### Ávarp

*Stefanía G. Kristinsdóttir, verkefnisstjóri Menntun núna verkefnisins í Breiðholti.*

### Fjölmenningsarsamfélag: ábyrgð okkar allra?

*Þórir Jónsson Hraundal, Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.*

### Integration on the labour market

*Anna Wojtyńska, mannfræðingur.*

### Fjölmenningarstarf Borgarbókasafnsins

*Kristín R. Vilhjálmsdóttir, verkefnastjóri fjölmennningar hjá Borgarbókasafni Reykjavíkur.*

### Kaffi með fjölmenningarlegu ívafi (Cafe Lingua)

### Fjölmenningarstarf í leik- og grunnskólum á Akureyri

*Helga Hauksdóttir, kennsluráðgjafi á Skóladeild Akureyrarbæjar.*

### Heimurinn er hér, fjölmennning í Reykjavík

*Fríða Bjarney Jónsdóttir, verkefnastjóri/ráðgjafi hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar.*

### Samantekt og umræður

*Óttarr Proppe, alþingismaður, og Susan Rafik Hama, doktorsnemi við Menntavísindasvið HÍ.*

Fundarstjórar verða Gunnar J. Gunnarsson, dósent, og Hanna Ragnarsdóttir, prófessor, við Háskóla Íslands.

**Málþingið er öllum opið!**



RANNSÓKNARSTOFA Í FJÖLMEINNINGARFRÆÐUM



Fræðslustjóri Akureyrar  
Skólanefnd Akureyrar

## Um móðurmálskennslu nemenda með íslensku sem annað mál

Til upplýsingar og umræðu um stefnumörkun, apríl 2015

Í 16. gr. grunnskólalaga nr.90/2008 segir:

Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Með kennslunni er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunnskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli.

Í Aðalnámskrá grunnskóla – greinasvið íslenska, kafla 19.3 segir:

Mikilvægt er í öllum tilvikum að hvetja foreldra til að styðja við íslenskunám barna sinna og jafnframt rækta og þróa eigið móðurmál til að stuðla að virku tvítyngi allra nemenda með annað móðurmál en íslensku. ...

Það er mikilvægt fyrir sjálfsmynd nemenda með annað móðurmál en íslensku að tekið sé tillit til þekkingar þeirra og færni í eigin móðurmáli og nauðsynlegt að þeir viðhaldi því. Það er ávinningur fyrir hvern mann að hafa vald á fleiri en einu tungumáli og dýrmætt fyrir þjóðfélagið. Sterkt móðurmál styrkir fjölskyldubönd og tengsl við menningarlega arfleifð. Því er afar mikilvægt að foreldrum sé gerð grein fyrir mikilvægi móðurmálsins fyrir nemandann og þeir hvattir og studdir til að sinna máluppeldi á heimilinu sem felst í að rækta móðurmál hans. Sjálfsagt er að skóli og foreldrar leiti stuðnings hjá þeim sem geta veitt aðstoð, svo sem hjá stofnunum og einstaklingum sem hafa þekkingu á máltöku annars máls og fjölmenningu. Starf af þessu tagi kemur einnig námi í íslensku til góða og stuðlar að virku tvítyngi.

Í fjölmenningsstefnu Akureyrarbæjar, samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 13. apríl 2010, segir m.a. í kaflanum **Fræðslumál**:

8. markmið: Að styrkja sjálfsmynd barna af erlendum uppruna.

Leiðir:

Nemendur fái tækifæri eftir því sem kostur er, til að viðhalda móðurmáli sínu. Boðið verði upp á móðurmálskennslu eftir því sem tök eru á.

Leitað verði eftir samvinnu um fjarkennslu á þessu sviði.

Skólarnir skapi vettvang, t.d. með fjarkennslu og fyrir foreldrafélög erlendra barna, til þess að halda utan um móðurmálskennslu.

Ef kostnaður leyfir er hægt að gera samkomulag við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Í drögum að tillögu til þingsályktunar (hefur ekki verið lögð fram ennþá) um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda til ársins 2018 er kafli C um menntastoð. Þar segir m.a.:

Mikilvægt er að börnum með annað móðurmál en íslensku, verði búin jöfn tækifæri og aðstaða til náms og öðrum börnum, bæði fyrir börnin sjálf og einnig fyrir samfélagið í heild sinni til að nýta þá hæfileika og mannauð sem í þeim býr. Vinna þarf markvisst gegn brottfalli innflytjenda úr framhaldsskólum, m.a. með því að styðja þau sérstaklega allt frá leikskóla og upp alla skólagönguna. Rannsóknir hafa sýnt að mikilvægur hluti af heildstæðu og góðu námi barna með annað móðurmál en íslensku er kennsla í þeirra móðurmáli og af þeim ástæðum er lögð aukin áhersla á þennan þátt námsins.

Eins og fram kemur hér að ofan leggja bæði lög, námskrár og fjölmeningarstefna Akureyrarbæjar áherslu á að nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál, eigi þess kost að viðhalda tungumáli sínu og fá það metið innan skólakerfisins. Þessum þætti hefur ekki verið sinnt markvisst hér á Akureyri en þeim sem hafa viljað leggja þessum þætti lið hefur verið tekið fagnandi.

Þegar móttökudeild var starfandi í Oddeyrarskóla árin 2001-2012, fengum við (líklega í þrjá vetur) tilboð frá Glerárkirkju um að fá pólska háskólastúdenta, sem þar voru í sjálfboðavinnu á vegum kirkjunnar, til að koma í skólann einu sinni í viku og sjá um svolitla pólskukennslu, samræður við nemendur á móðurmáli um málefni líðandi stundar o.s.frv.

Skólaárið 2013 – 2014 vorum við svo heppin að fá unga konu, Mögdu Litwiniuk, með uppeldismenntun frá pólskum háskóla til að taka að sér pólskukennslu einu sinni í viku. Samvinna var á milli Alþjóðastofu, skóladeildar og samfélags- og mannréttindadeildar bæjarins um skipulag og skipti á kostnaði við þessa frumraun okkar. Það sem við greiddum fyrir var flugferð til Reykjavíkur en áður en farið var af stað heimsótti Magda pólskan móðurmálsskóla í Reykjavík, fékk þar ráð, efni, bækur o.fl. til að styðjast við. Hún fékk síðan aðstöðu í Rósenborg og þar fór kennslan fram á laugardagsmorgna. Nemendum var skipt í tvo hópa eftir aldri, leikskólahóp og hóp yngri nemenda grunnskólans. Eldri nemendur grunnskóla hafa ekki sýnt áhuga á að mæta enn sem komið er. Magda fékk greitt fyrir kennsluna sem verktaki, skv. reikningi.

Í vetur, skólaárið 2014 – 2015, bauðst Magda aftur til að taka að sér pólskukennslu. Hún er hins vegar minni en á síðasta skólaári og nú eru pólskar samverustundir í Rósenborg annan hvorn laugardag, fyrir yngri og eldri hóp. Sem fyrr er aðstaðan á vegum bæjarins en Magda hefur enn ekki fengið greitt fyrir sína vinnu.

Í vetur hafði Cynthia U Hung-Hsieu Stimming, sem er af kínverskum ættum samband við Alþjóðastofu. Hún lýsti áhuga sínum á að vera með einhverja kínverskukennslu, fræðslu um menningu, land og þjóð. Hún er nú með tíma í Rósenborg einu sinni í mánuði og hefur einnig boðið börnum sem hafa verið ættleidd frá Kína að taka þátt í þessum tímum, til að fræðast um uppruna sinn og tungumál. Cynthia hefur hvorki fengið greitt fyrir útlagðan kostnað (t.d. innkaup á hráefnum í kínverska rétti) eða kennslu. Samfélags- og mannréttindadeild lagði fram aðstöðu og hefur greitt kotnað v. pappírs, efnis og ljósritunar.

Nú, í lok marsmánaðar 2015 hefur tailensk móðir komið að máli við Alþjóðastofu og er tilbúin til að vera með tailenskukennslu en eðlilega spurði hún um greiðslur fyrir slíkt starf.

Við höfum haft samband við Rósu Björg Þorsteinsdóttur hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar sem gaf okkur þær upplýsingar að nú væri verið að vinna að tillögu um móðurmálskennslu hjá Reykjavíkurborg.



Við höfum einnig haft samband við Renötu Emilson Pesková sem starfar hjá samtökunum Móðurmál, samtök um tvítyngi ([www.modurmal.com](http://www.modurmal.com)) en samtökin bjóða upp á fræðslu um tvítyngi og styðja við foreldra sem hafa áhuga á að kenna móðurmál sín.

Samkvæmt skýrslum frá leik- og grunnskólum Akureyrarbæjar í október 2014 eru 83 börn frá 31 þjóðlandi í leikskólum og í grunnskólum eru einnig um 80 börn af erlendu bergi brotin og tala yfir 30 tungumál.

Við undirritaðar teljum nú brýna þörf á því að mörkuð verði stefna Akureyrarbæjar um móðurmálskennslu erlendra nemenda og leggjum fram eftirtalda punkta til umræðu og stefnumörkunar sem nauðsynlegt er að fari fram sem fyrst.

### **Punktar til umræðu og stefnumörkunar um hvernig staðið skuli að móðurmálskennslu erlendra nemenda í leik- og grunnskólum Akureyrar**

- Að mótuð verði stefna um hvernig Akureyrarbær vill efla móðurmálskennslu erlendra nemenda í leik- og grunnskólum
- Að gert verði ráð fyrir fjármagni í fjárhagsáætlun 2016 til að styðja við kennslu, aðstöðu og gagnakaup til móðurmálskennslu
- Að mótuð verði stefna um hvernig greiða skuli þeim sem taka að sér móðurmálskennslu
- Að gerð verði kostnaðaráætlun, þar sem gert er ráð fyrir kostnaði við kennslu, undirbúning og gagnakaup
- Að gerður verði rammi um þá þætti sem móðurmálskennsla skuli fela í sér
- Að bjóða upp á móðurmálskennslu sem valgrein fyrir erlenda nemendur í 8. – 10. bekk grunnskóla
- Að leitað verði eftir samstarfi og upplýsingum frá samtökunum Móðurmáli og Reykjavíkurborg

Með von um jákvæðar undirtektir og góða samvinnu við mótun stefnu um móðurmálskennslu erlendra nemenda í leik- og grunnskólum á Akureyri.

Helga Hauksdóttir, kennsluráðgjafi, skóladeild

Sigríður Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri samfélags- og mannréttindadeildar

Zane Brikovska, verkefnastjóri Alþjóðastofu

## Stundaskrá 2014 - 2015

| <i>mánudagur</i>                                                                   | <i>þriðjudagur</i>          | <i>miðvikudagur</i>            | <i>Fimmtudagur</i>             | <i>föstudagur</i>              |
|------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------|--------------------------------|--------------------------------|--------------------------------|
|                                                                                    | 8:00 – 8:40<br>Síðuskóli    | 8:00 – 8:40<br>Síðuskóli       |                                | 8:00 – 8:40<br>Síðuskóli       |
| 8:40 – 9:20<br>Síðuskóli                                                           | 8:40 – 9:20<br>Síðuskóli    |                                | 8:50 – 9:40<br>Brekuskóli      | 8:40 – 9:20<br>Síðuskóli       |
|                                                                                    |                             |                                |                                |                                |
| 10:00 – 11:10<br>Brekuskóli                                                        |                             | 10:00 – 11:10<br>Brekuskóli    |                                |                                |
|                                                                                    |                             |                                | 10:30 – 11:10<br>Oddeyrarskóli | 10:30 – 11:10<br>Oddeyrarskóli |
|                                                                                    |                             |                                |                                |                                |
|  |                             |                                | 12:25 – 13:05<br>Síðuskóli     |                                |
|                                                                                    |                             | 12:40 – 13:40<br>Oddeyrarskóli | 13:05 – 13:45<br>Síðuskóli     | 12:40 – 13:20<br>Brekuskóli    |
|                                                                                    |                             |                                |                                |                                |
|                                                                                    | 13:40 – 15:00<br>Brekuskóli |                                |                                |                                |